



Leiðandi hagvísir Analytica – Samdráttur í kortunum?


Leiðandi hagvísir Analytica (e. Composite Leading Indicator) lækkar í nóvember, tíunda mánuðinn í röð. Lækkun hagvísisins sl. ár er hin mesta síðan árið 2008. Þessi þróun ber vott um óvissu sem ríkir með efnahagshorfur framundan.

Allir sex undirliðir lækka frá í okt. en mesta framlag til lækkunar hafa debetkortavelta og væntingavísitala Gallup. Langtímauppleitni mikilvægra undirþátta er enn sterk en nokkur óvissa er í ferðapjónustu og kjaramálum. Þá eru áfram áhættuþættir í ytra umhverfi sem ógnað gætu hagvexti einkum tengdir stöðunni í alþjóðastjórnámálum.

Hagvísirinn er vísitala sem gefur vísbendingu um efnahagsumsvif að sex mánuðum liðnum. Það er hlutverk vísitölnunnar að veita skýra sýn á efnahagshorfur og vara tímanlega við viðsnúningi í efnahagsumsvifum. Vísitalan er reiknuð á grundvelli sömu aðferðafræði og annars staðar þar sem sambærilegar vísitölur eru reiknaðar en sérstaklega er tekið mið af verklagi OECD.

Mynd 1. Leiðandi hagvísir Analytica og verg landsframleiðsla – frávik frá leitni

Langtímaleitni = 100




Þróun leiðandi hagvísis Analytica er sýnd á mynd 1 (blár ferill) ásamt þróun vergrar landsframleiðslu (VLF - brotinn ferill). Reynslan er sú að leiðandi hagvísir er að jafnaði um 6 mán. á undan þróun landsframleiðslu.

Á mynd 1 er grár þríhyrningur sem gefur til kynna mat á vendipunkti í leiðandi hagvísinum til lækkunar sem mælist í mars 2016 sem og þríhyrningur vegna vendipunktar í júlí sl. sem gaf til kynna vendipunkt til aukinnar landsframleiðslu snemma á þessu ári. Þá er grár þríhyrningur sem settur er m.v. jan./feb. á þessu ári um mögulegan vendipunkt til lækkunar framleiðslu nú í vetur.

Á mynd 2 má sjá spá Analytica um þróun landsframleiðslu sem byggð er á leiðandi hagvísi og undirþáttum hans eftir að búið er að hliðra hagvísinum fram um sex mánuði. Tilgangur myndarinnar er að setja leiðandi hagvísi Analytica sem birtur er á mynd 1 í samhengi við landsframleiðslu. Undirliggjandi langtímauppleitni landsframleiðslu er áfram sterk.

Mynd 2. Verg landsframleiðsla (VLF) og spá Analytica fram á árið 2019

Ma. kr. pr. mán. - Verðlag 2005



Ath.: VLF tölur Hagstofu Íslands fyrir 2015, 2016 og 2017 eru bráðabirgðatölur.

Á mynd 2 er búið að deila ársfjórðungslegum tölum Hagstofu Íslands um landsframleiðslu niður á mánuði. Analytica hefur árstíðaleiðrétt og jafnað tölurnar. Með árstíðaleiðréttingunni er leiðrétt fyrir sveiflum sem hafa tilhneigingu til að endurtaka sig á sama tíma árlega. Með jöfnuninni eru síðar burt óreglulegar skammtíma-sveiflur í því skyni að auðveldara sé að bera kennsl á undirliggjandi þróun. Aðferð Analytica við árstíðaleiðréttingu skilar eilítið annarri niðurstöðu en aðferð Hagstofu.

Leiðandi hagvísir Analytica er samansettur úr sex undirþáttum af mismunandi toga. Um er að ræða aflamagn, debetkortaveltu, ferðamannafjölda, heimsvísitölu hlutabréfa, innflutning og væntingavísitölu Gallup. Í nóvember lækka fjórir af sex undirþáttum frá fyrra ári. Frá í okt. lækka hins vegar allir sex undirþættir. Sjá viðauka, myndir V1 og V2.

Hugmyndin að baki vísitölunni er sú að framleiðsla hefur aðdraganda. Vísitalan er reiknuð á grundvelli þátta sem mælast í upphafi framleiðsluferilsins og/eða veita vísbendingar um eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Til að unnt sé að auka framleiðslu þarf t.d. að afla aðfanga og stofna til fjárfestinga.

Einstök gildi leiðandi hagvísis Analytica hafa verið endurskoðuð en það er afleiðing nýrra gilda fyrir undirþætti og þeirrar aðferðafræði sem notuð er við útreikninginn, þ. á m. endurmats á langtímaleitni.

Leiðandi hagvísir Analytica lækkar í nóvember og tekur gildið 98,9, sjá töflu 1. Sú tala á að gefa vísbendingu um framleiðslu sex mánuðum síðar þ.e. í maí 2019. Hagvísirinn tekur gildið 100 þegar búist er við að landsframleiðsla sé í takt við langtímaleitni.

Tafla 1. Leiðandi hagvísir Analytica 2017-2018







	Vísitala	Breyting (%)		Vísbending fyrir
		í mánuði	frá fyrra ári	
2017				
nóvember	102.3	0.5%	1.7%	maí 2018
desember	102.6	0.3%	2.4%	júní
2018				
janúar	102.6	0.0%	2.7%	júlí
febrúar	102.4	-0.2%	2.4%	ágúst
mars	102.1	-0.3%	2.0%	sept.
apríl	101.7	-0.4%	1.7%	okt.
maí	101.2	-0.5%	1.4%	nóv.
júní	100.8	-0.4%	1.1%	des.
júlí	100.4	-0.4%	0.7%	jan. 2019
ágúst	99.9	-0.4%	-0.3%	feb.
september	99.5	-0.4%	-1.5%	mars
október	99.2	-0.3%	-2.5%	apríl
nóvember	98.9	-0.3%	-3.3%	maí

Birting leiðandi hagvísis Analytica fyrir desember er áformuð þann 17/1 2019.

Nánari upplýsingar veitir Yngvi Harðarson hagfræðingur
Sími: 527 8890 – Tölvupóstur yngvi@analytica.is

Mynd V1 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

Prósentubreyting frá fyrra ári *



* Ekki frávik frá leitni viðkomandi þáttar

Skýringar:

Debetkortavelta: Debetkortavelta heimila í verslun innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar.







Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Thomson Reuters, útreikningar Analytica ehf.

Mynd V2 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

Frávik frá langtímaleitni

**Skýringar:**

Debetkortavelta: Debetkortavelta innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurlflugvallar.

Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Thomson Reuters, útreikningar Analytica ehf.

Um Analytica

Analytica ehf. er óháð ráðgjafarfirmi á sviði efnahags- og fjármála með áherslu á ráðgjöf um fjár- og áhættustýringu til fagfjárfesta. Sérstaða fyrirtækisins liggur í áratuga reynslu og sérþekkingu starfsmanna.

Framkvæmdastjóri og stofnandi fyrirtækisins er Yngvi Harðarson hagfræðingur.

Yngvi er fæddur árið 1960. Hann er með MA gráðu í hagfræði frá Queen's University of Kingston í Kanada með áherslu á hagrannsóknir og peningamálahagfræði. Að auki er hann með próf í utanríkisverslunarfræðum frá Yrjö Jahnsson Foundation í Helsinki og CMT gráðu í tæknigreiningu frá Market Technicians Association í N.Y. Þá er Yngvi með próf í verðbréfa- viðskiptum. Yngvi hóf starfsferil sinn hjá Þjóðhagsstofnun árið 1988. Hann varð hagfræðingur Félags íslenskra iðnrekenda árið 1990. Yngvi stofnaði ásamt Sverri Sverrissyni fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. árið 1993, sem sérhæfði sig í áhættu- og skuldastýringu. Árin 2007 og fram til júlí 2010 gegndi Yngvi stöðu framkvæmdastjóra hjá Askar Capital hf. fjárfestingarbanka.

Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins <http://www.analytica.is>